



Alþingi
Erindi nr. P 125/1519
komudagur 11.4.2000

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2000

Vinsamlegast finnið hjálagt umsögn Metans hf. um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum þskj. 644 — 386. mál.

Virðingarfyllst,

Ögmundur Einarsson,
framkvæmdastjóri



Reykjavík 7. Apríl 2000

Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum

Þskj. 644 – 386. mál

Við gerum athugasemdir við eftirfarandi tvo liði í 1. viðauka frumvarpsins er fjallar um framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum: a) Í lið 18 er rætt um leiðslur sem eru 1 km eða lengri til flutnings á gasi. b) Í lið 16. er fjallað um vinnslu í viðskiptaskyni af meira en 500.000 m³ af jarðgasi á dag.

Varðandi lið 18, þá er vísað í skýringum á 97/11/EB, en þar er miðað við leiðslur sem eru meira en 800 mm í þvermál eða meira en 40 km að lengd. Einnig er vísað til þess að í Danmörku sé miðað við 1 km lengd og í Noregi við 10 bar þrýsting eða 10 km lengd. Að okkar mati er varhugavert að miða við 1 km í öllum tilvikum. Gera má strangar kröfur til leiðslna sem flytja hættulegt gas eða heitt vatn. **Hins vegar er nauðsynlegt að taka tillit til flutningsgetu eða þrýstings til flutnings á jarð- eða hauggasi.** Við dreifingu á umhverfisvæna orkugjafanum metan, sem unninn er héraendis úr hauggasi á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi, getur ofangreind 1 km takmörkun orðið mjög hamlandi. Metan er ekki eitruð lofttegund, er léttari en loft og gufar því mjög fljótt upp. Metan hf hyggst dreifa og selja metan sem innlendan orkugjafa í stað innflutts eldsneytis. Við leggjum því þunga áherslu á að þessum mörkum verði breytt í tilviki metans og hauggas.

Varðandi lið 16, þá teljum við að 500.000 m³ mörkin séu of lág í tilviki vinnslu með hauggas. Við mælum því með að þessi mörk verði hækkuð í 1.000.000 m³ á dag eða að skýrt sé að þau eigi ekki við hauggas.

F.h. Metans hf.

Ögmundur Einarsson,
framkvæmdastjóri